

- 47 III. Í þriðja flokki, er svarar til X. launaflokks launalaga, skulu vera þessi læknis-
 14. maí héruð:
- | | |
|------------------------|-----------------------|
| 1. Patreksfjarðarhérað | 4. Seyðisfjarðarhérað |
| 2. Blönduóshérað | 5. Neshérað |
| 3. Sauðárkrókshérað | |

2. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1958. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni, nr. 107 30. júlí 1956.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 14. maí 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.

- 48 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic,
 17. maí hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms-
 málaráðherra 17. maí 1958.
 Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð dr. Victors Urbancic hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður dr. Victors Urbancic.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Þjóðleikhússkórnum, til minningar um dr. Victor Urbancic fyrsta hljómsveitarstjóra Þjóðleikhússins og stjórnanda Þjóðleikhússkórsins, með kr. 5600.00 framlögum, sem þakklætisvott fyrir ómetanlegt og heilla-
 drjúgt starf hans.

3. gr.

Þjóðleikhússkórinn mun leitast við, ef nokkur tók eru á, að halda einn samsöng árlega, opinberlega eða í útvarp, helzt um eða á dánardegi dr. Victors Urbancic ef fært reynist, eða þá fyrir eða síðar á árinu eftir því hvernig verkefnum kórsins er háttað hjá Þjóðleikhúsinu, og láta ágóða af þeim samsöng renna óskertan í minningarsjóðinn.

Eignir þær, sem sjóðnum kunna að áskotnast, svo sem gjafir, áheit, ágóða af þessum eða öðrum hljómlækjum eða skemmtunum, eða þá á einhvern annan hátt, skulu lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta lögum þeim og reglum, sem þessi skipulagsskrá mælir fyrir um.

4. gr.

Markmið sjóðsins er, að styrkja lækni til sérnáms í heila- og taugaskurðlækningum (Nevre-kirurgi), þar sem sérmenntaður læknir í þessari grein lækninga var ekki til hér á landi til að veita dr. Victor Urbancic hjálp.

5. gr.

48

Stjórn sjóðsins skulu skipa: Einn maður kosinn af Þjóðleikhússkórnum árlega á aðalfundi kórsins, prófessor í handlæknisfræði við Háskóla Íslands og ekkja hins látna hljómsveitarstjóra meðan hennar nýtur við, en eftir það einn af afkomendum dr. Victors Urbancic. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Þjóðleikhússkórinn kýs einnig á aðalfundi sínum árlega einn varamann er tekur sæti í stjórn sjóðsins í forföllum aðalmanns.

6. gr.

Styrkveiting úr sjóðnum fer fram árlega á afmælisdegi dr. Victors Urbancic, þann 9. ágúst, og skal sá styrkur nema helming sjóðsupphæðarinnar hverju sinni. Heimilt er þó sjóðstjórninni að fresta styrkveitingu um eitt ár eða lengri tíma í senn, ef það þykir betur henta, eða engar styrkbeiðnir berast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa inn skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir sjóðsins og ársreikninga yfir tekjur og gjöld sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórnin skal birta reikninga hans í B-deild Stjórnartíðinda. Þjóðleikhússkórinn skal kjósa einn endurskoðanda reikninga sjóðsins á aðalfundi kórsins ár hvert og einn varaendurskoðanda, en vandamenn dr. Victors Urbancic tilnefna hinn aðalendurskoðandann.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda.

Þannig samþykkt á almennum kórfundi Þjóðleikhússkórsins 3. maí 1958.

Þorsteinn Sveinsson,
formaður.

Svava Þorbjarnardóttir,
gjaldkeri.

Sighv. Jónasson,
ritari.

AUGLÝSING

49

22. maí

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt
lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

17. Nefnd Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, Keflavík. Staðfest 22. nóvember 1957.

18. Nefnd Verkalýðsfélagsins Hvöt, Hvammstanga. Staðfest 5. desember 1957.

19. Nefnd Verkamannafélagsins Árvakur og Verkakvennafélagsins Framtíðin, Eskifirði. Staðfest 27. febrúar 1958.

20. Nefnd Verkalýðsfélags Hólmavíkur, Hólmavík. Staðfest 27. febrúar 1958.